



reikningi Kauplagnesnefndar. Fyrir launþega. sem eru ekki í fullu starfi, lækkar þessi fjárhæð hlutfallslega.

Nánari ákvæði um framkvæmd á fyrirmælum þessarar greinar skulu sett með reglugerð.

3. gr.

Frá og með 1. janúar 1979 skulu óbeinir skattar ekki hafa áhrif á verðbóta-vísitölu eða verðbótaákvæði í kjarasamningum. Kauplagnesnefnd skal meta hvað telja skuli óbeina skatta í þessu skyni.

## II. KAFLI

Um bætur almannatrygginga skv. lögum nr. 67/1971 með áorðnum breytingum,  
sbr. lög nr. 96/1971, nr. 62/1974, nr. 13/1975,  
nr. 36/1976, nr. 53/1977 og nr. 56/1977.

4. gr.

Bætur almannatrygginga, aðrar en fæðingarstyrkur, skulu 1. mars 1978, 1. júní 1978 og 1. september 1978 taka sömu hlutfallshækkun og laun almennt þessa daga. Hækkun þessi skal einnig taka til greiðslna skv. 73. gr. laganna.

Fjárhæð uppbótar á lífeyri, tekjutryggingar, skv. 1. mgr. 19. gr. laganna, svo og heimilisuppbótar, skv. 2. mgr. 19. gr. laganna sbr 1. gr. laga nr. 56/1977, skal hækka um 2 prósentustig 1. mars 1978 umfram hækkun almennra bóta þann dag.

## III. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt  
sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla  
laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl  
1975, II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976, lög nr. 32  
12. maí 1977 og lög nr. 63 28. desember 1977 um  
breyting á þeim lögum.

5. gr.

1. mgr. C-liðar 25. gr laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 orðist svo:

Með hverju barni, sem heimilisfast er hér á landi, þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs þegar skattur er lagður á og er á framfæri heimilisfastra manna hér á landi sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga þessara, skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins, er nemi 31 456 kr. með fyrsta barni en 47 183 kr. með hverju barni umfram eitt. Þó skal fjárhæð barnabóta skert um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis á skattárinu vegna barnsins. Framfærandi samkvæmt þessum staflað telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Sá sem greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi þess í þessu sambandi.

## IV. KAFLI

Um skyldusparnað félaga og stofnana.

6. gr.

Öll þau félög og stofnanir sem um ræðir í 5. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum og tekjuskattskyld eru skv. ákvæðum þeirra laga, skulu á árinu 1978 leggja til hliðar fé til varðveislu í ríkissjóði sem nemur 10% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að viðbættum þeim varasjóðstillögum sem heimiluð hafa verið til frádráttar við ákvörðun skattgjaldstekna á því ári skv. 2. mgr. 17. gr. nefndra laga.

Skattstjórar sjá um útreikning skyldusparnaðar samkvæmt lögum þessum og

gilda um hann ákvæði VI., VII. og VIII. kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum eftir því sem við á.

Skyldusparnaður samkvæmt þessari grein skal reiknaður í heilum þúsundum króna og lægri fjárhæð sleppt. Skal hann greiðast til ríkissjóðs jafnhliða þinggjöldum. Skyldusparnaður telst að fullu greiddur þegar fullnaðarskil hafa verið gerð á öllum þinggjöldum gjaldanda til ríkissjóðs samkvæmt þinggjaldabók ásamt þar greindum skyldusparnaði.

Skyldusparnaður skal lagður inn á sérstakan reikning hjá ríkissjóði á nafni þess félags eða stofnunar er sparar.

Hið sparaða fé skal bundið vaxtalaust á reikningum til 1. febrúar 1984 en með verðtryggingu skv. 7. gr. Standi inneign á reikningi fram yfir 1. febrúar 1984 greiðir ríkissjóður af innstæðum ársvexti jafnháa og greiddir eru af almennum sparissjóðsbókum á hverjum tíma. Hafi innstæður eigi verið teknar út í síðasta lagi 31. janúar 1994 falla þær til ríkissjóðs finnast eigi að þeim réttur eigandi.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja innstæður á reikningum þeim sem hér um ræðir. Fjármálaráðherra getur með reglugerð heimilað frávik frá þessu.

#### 7. gr.

Þann 30. janúar 1984 greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól í hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. janúar 1979 til 1. janúar 1984. Sé skyldusparnaður ekki greiddur að fullu fyrir 1. febrúar 1979 reiknast verðbætur þó aðeins frá 1. janúar næsta ár á eftir fullnaðarskilum.

#### 8. gr.

Skyldusparnaður skv. 6. gr. er ekki frádráttarbær til tekjuskatts en innstæður svo og verðbætur af þeim skulu hlíta sömu reglum um framtalsskyldu og skattlagningu og sparifé, sbr. nú ákvæði 21. gr. laga nr. 68/1971.

#### 9. gr.

Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð tilhögun alls reikningshalds svo og önnur þau atriði er varða framkvæmd skyldusparnaðar.

### V. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 49 20. maí 1977 um sérstakt tímabundið vörugjald sbr. l. nr. 84 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum.

#### 10. gr.

1. og 2. málsliður 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 84/1977, orðist svo: Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Skal gjaldið vera 18% til 15. febrúar 1978 en 16% tímabilið 16. febrúar til 31. desember 1978 og greiðast af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum:

#### 11. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Hið lækkaða vörugjald, sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 16. febrúar 1978, skv. 1. gr. laga þessara, skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendra framleiðslu frá og með 16. febrúar 1978 og af innfluttum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 16. febrúar 1978.

Hafi innflytjandi fyrir 16. febrúar 1978 afhent til tollmeðferðar aðflutnings-skjöl, sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum, sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan tollafgreidd gegn greiðslu hins lægra vörugjalds.

Af vöru, sem með leyfi tollyfirvalda hefur verið afhent innflytjanda fyrir 16. febrúar 1978 gegn fjártryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 21. gr. toll-

skrárlaga, skal greiða það vörugjald, sem greiða bar af vörunni fyrir 16. febrúar 1978.

Við tollafgreiðslu á vörum, sem undanþegnar hafa verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2. og 3. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sérstök-um lögum, skal veita undanþágu frá sérstöku vörugjaldi í sama mæli hlutfallslega.

## VI. KAFLI

### Um ríkisfrankvæmdir og lántöku.

#### 12. gr.

Prátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1978 er heimilt að lækka fjárveitingar skv. 4. gr. laganna um 1 000 millj. kr. hvort sem er framkvæmda- eða rekstrarliði.

#### 13. gr.

Prátt fyrir ákvæði tölulíðar XLIX í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1978 skal fjármálaráðherra heimilt að gefa út fyrir hönd ríkissjóðs til sölu innanlands ríkis-skuldabréf eða spariskirteini að fjárhæð allt að 4 600 m.kr. á árinu 1978.

## VII. KAFLI

#### 14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma III. og IV. kafli til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda til ríkissjóðs fyrir skattárið 1977.

### Fylgiskjal.

#### Yfirlit yfir fjármálaaðgerðir og kaupmáttaráhrif þeirra skv. frumvarpi um ráðstafanir í efnahagsmálum í febrúar 1978.

#### Fjárhæðir sýna breytingar frá fjárlögum 1978 og fyrri áætlunum.

	Ríkisfjárhags- áhrif M.kr.	Kaupmáttar- áhrif %
<b>I. A-hluti fjárlaga</b>		
1. Endurmat á fjárhag ríkissjóðs .....	-2 100	-
2. Áhrif kauplags-, verðlags- og gengisbreytinga á fjárhag ríkissjóðs:		
a) Á tekjur .....	+4 300	
b) Á gjöld .....	-2 100	
c) Niðurskurður gengisáhrifa á útgjöld .....	+1 100	
3. Hækkun tekjutryggingar og heimilisuppbótar um 2% umfram laun 1/3/78	-80	-
4. Hækkun barnabóta um 5% umfram skattvísitölu 213 .....	-300	+0,1
5. Skyldusparnaður á félög, 10% á hreinar tekjur án frádráttar til varasjóðs	+800	-
6. Lækkun tímabundins vörugjalds um 2% .....	-720	+0,3
7. Aukning niðurgreiðslna .....	-1 300	+1,0
Samtals A-hluti .....	-400	+1,4
<b>II. Heimildir</b>		
8. Heimild til lækkunar útgjalda á A-hluta .....	+1 000	
9. Heimild til aukinnar útgáfu spariskirteina .....	+1 500	
Samtals I+II .....	Mest +2 100 Minnst +1 000	

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum, sem hér er flutt, er áfangi í þeim aðgerðum, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegar til að bregðast við þeim efnahagsvanda, sem við hefur blasað. Gengisbreytingin, sem Seðlabanki Íslands tilkynnti hinn 8. þ.m. með samþykki ríkisstjórnarinnar, og frumvarp það um ráðstafanir vegna gengisbreytingarinnar, sem flutt var sama dag, var gerð í þeim tilgangi að afstýra rekstrarstöðvun fyrirtækja í helstu útflutningsatvinnuvegunum og þar með atvinnuleysi. Jafnframt mun gengisbreytingin breyta verðhlutföllum innflutnings og innlendirar framleiðslu og því hamla gegn óhóflegri innflutningseftirspurn, svo að til betra jafnvægis horfi í utanríkisviðskiptum. Orsök þess jafnvægisleysis, sem einkennt hefur efnahagsframvinduna að undanförunu og þess mikla hallarekstrar útflutningsatvinnuveganna, sem gerir gengisbreytinguna óhjákvæmilega, eru mun örari verðbreytingar hér á landi en í viðskiptalöndum okkar. Ef ekkert væri að gert, væru horfur á örum víxlgangi verðlags og kauplags á næstu mánuðum og enn vaxandi verðbólgu.

Ráðstafanir þær, sem felast í þessu frumvarpi, eru til þess ætlaðar að hamla gegn verðbólgu og stuðla að betra jafnvægi í efnahagsmálum. Ef stefna á að því að ná tókum á verðbólguvextinum þegar á þessu ári, er sýnt, að ekki er um annað að ræða en að draga úr víxlgangi verðlags og launa með því að takmarka nokkuð þær kauphækkningar, sem ráðgerðar eru með kjarasamningum, enda væru önnur úrræði of seinvirk eða hefðu í för með sér hættu á atvinnubresti. Í frumvarpi þessu er því gert ráð fyrir, að verðbætur á laun verði takmarkaðar nokkuð, en hins vegar er gerðum kjarasamningum ekki raskað að öðru leyti. Ríkisstjórnin gerði þegar á s.l. ári grein fyrir þeirri skoðun sinni, að áfangahækkningar og verðbótaákvæði samninga gengju lengra en fært væri, ef fast væri við hvort tveggja haldið. Það hefur komið á daginn, að af hefur hlotist mikil verðbólga.

Í frumvarpi þessu eru jafnframt gerðar tillögur um hliðarráðstafanir til að milda áhrif takmörkunar verðbóta á kaupmátt og lífskjör almennings og lækka verðlag með nokkurri lækkun skatta. Þessar hliðarráðstafanir valda ríkissjóði talsverðu tekjutapi og er því nauðsynlegt, að hagar ríkissjóðs sé tryggður, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, með álagningu skyldusparnaðar á félag til samræmis við skyldusparnað einstaklinga og með lækkun ríkisútgjalda, en frumvarpið gerir ráð fyrir heimild til að draga úr útgjöldum ríkissjóðs um 1 000 m.kr. Jafnframt er lagt til að heimild verði veitt fyrir auknu framboði spariskírteina til almennings til þess að styrkja greiðslustöðu ríkissjóðs og draga fé úr umferð.

Að öllu samanlögðu er það tilgangur þessa frumvarps, ásamt þeirri gengisbreytingu, sem tilkynnt hefur verið, að tryggja fulla atvinnu, draga úr verðbólgu og treysta þau góðu lífskjör almennings, sem náðust á síðastliðnu ári.

Í frumvarpinu er lagt til, að hamlað verði gegn víxlgangi verðlags og launa með því að helminga þá hækkun verðbóta og verðbótaauka sem koma ættu til framkvæmda 1. mars, 1. júní, 1. sept. og 1. des. n.k. skv. ákvæðum kjarasamninga.

Þrátt fyrir takmörkun verðbóta skv. 1. gr. frv. er þó tryggt með ákvæði um lágmarksverðbætur í 2. gr., að þessi frádráttur komi ekki fram með fullum þunga gagnvart hinum tekjulægri í hópi launþega. Hér eru einkum þeir hafðir í huga, sem hafa tekjur af reglulegri dagvinnu einni. Ljóst er frá upphafi, að vandasant verður að framkvæma þetta ákvæði, þar sem ekki er hægt að ákveða þennan bótarétt beint út frá kaupaxta heldur ræður einnig, hvort viðkomandi launþegi hefur fengið verðbætur á yfirvinnugreiðslur og/eða ákvæðis- eða álagsgreiðslur, sem samanlagt koma verðbótum til hans upp yfir hið tilgreinda mark. Um þetta efni þarf að setja sérstakar reglur, en hér er um mikið sanngirnismál að ræða og þessi fyrirhöfn því eðlileg.

Það er ótvíræður galli á núgildandi verðbótakerfi, að breytingar á óbeinum sköttum — öðrum en þeim, sem fólgir eru í verði áfengis og tóbaks — valda breytingu á kaupgreiðslum en breytingar á beinum sköttum ekki. Hér er lagt til að frá og

með 1. janúar 1979 skuli breytingar á óbeinum sköttum ekki valda breytingu á verðbótum. Rökin fyrir þessu eru vel kunn. Í fyrsta lagi eru beinir skattar ekki meðtaldir í verðbótavísitölu, eins og að framan var getið. Það veldur því, að val lögjafans milli beinna og óbeinna skatta er ekki óbundið að þessu leyti, sem hlýtur að teljast óæskilegt. Í öðru lagi stendur ómæld opinber þjónusta á móti óbeinum sköttum, sem ekki er metin til kjarabóta. Í þriðja lagi geta stjórnvöld ekki með sama árangri og ella beitt breytingum á óbeinum sköttum til hagstjórnar vegna þess að þeir eru í grunni verðbótavísitölu. Í frv. er gert ráð fyrir að Kauplagnesnefnd meti hvaða skattar skuli teljast óbeinir í þessu sambandi.

Ekki þykir rétt að binda í lög með fullkominni upptalningu, hvaða skattar falli hér undir því að skattalög geta breyst og sker þá Kauplagnesnefnd úr vafaatriðum.

Það er kunnugt í öðrum löndum að undanskilja alla skatta úr verðbótavísit., m. a. í Danmörku, en þar fylgir einnig að breytingar niðurgreiðslna séu ekki heldur taldar með. Þetta atriði þarf sérstakrar könnunar við. Í frv. er mörkuð framtíðarstefna í þessu efni. Þessi tillaga er ekki beinlínis tengd stundarvanda þjóðarbúsins en hugsuð til þess að bæta launaákvörðunarkerfið til frambúðar.

Áður en gripið var til efnahagsráðstafana þeirra, sem ríkisstjórnin beitir sér nú fyrir, voru horfur á, að verðlag innanlands hækkaði um 36% frá upphafi til loka þessa árs og að meðaltali næmi verðbreytingin á árinu 40%. Við þessar tölur má svo bæta verðáhrifum gengisbreytingarinnar, sem nú hefur reynst nauðsynleg, þótt í áætlunum þessum hafi raunar verið gert ráð fyrir nokkru gengissigi á árinu. Kaupmáttar voru hins vegar álitnir hækka um 43% frá upphafi til loka ársins en um 53% að meðaltali á árinu, og kaupmáttur ráðstöfunartekna var því talinn stefna í um 7% aukningu á mann frá fyrra ári, þótt sú aukning væri raunar mjög óviss vegna þeirrar hættu á rekstrarstöðvunum og atvinnuleysi, sem óheft verðbólguþróun hlýti fyrr eða síðar að valda. Með þeim breytingum á verðbótaákvæðum kjarasamninga sem hér er gerð um tillaga, er búist við að unnt reynist að koma verðbólguvextinum allt árið niður undir 30% og meðalverðbreytingum á árinu í um 36—37%. Kaupmáttar myndu skv. þessu hækka um rúmlega 20% frá upphafi til loka ársins en um rúmlega 40% að meðaltali á árinu. Til að veða að nokkru leyti upp kaupmáttaráhrif þessara aðgerða hyggst ríkisstjórnin beita margvíslegum fjármálaáðgerðum, sem að hluta felast í þessu frumvarpi.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir tvenns konar ráðstöfunum til að styrkja kaupmátt ráðstöfunartekna heimilanna. Annars vegar eru barnabætur hækkaðar um 5%, en það léttir nokkuð skattbyrði barnmargra fjölskyldna. Hins vegar er gert ráð fyrir lækkun sérstaks vörugjalds úr 18% í 16%. Þessar ráðstafanir valda ríkissjóði u. þ. b. 1 000 milljón króna tekjumissi á ári. Þá er gert ráð fyrir, að bætur almannatrygginga hækki með launum, og á sömu dögum, og auk þess er gert ráð fyrir sérstakri hækkun tekjutryggingar og heimilisuppbótar umfram launahækkun hinn 1. mars n. k. Loks hyggst ríkisstjórnin auka niðurgreiðslu vöruverðs um 1 300 m.kr. á ári, en það jafngildir 1% í kaupmætti ráðstöfunartekna.

Kaupmáttaráhrif þeirra ráðstafana, sem hér hafa verið nefndar, jafngilda þegar allt er talið saman tæplega 1½% aukningu kaupmáttar ráðstöfunartekna frá því sem ella hefði orðið. Með þessu gæti kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann árið 1978 orðið nálægt því sá sami og á árinu 1977, en þá var hann nær því jafnmikill og hann hefur mestur orðið áður, á árinu 1974.

Ráðstafanir þessar hafa veruleg áhrif á afkomu ríkissjóðs. Fjárlög þessa árs voru afgreidd með tekjuafgangi er nam 1 milljarði króna og var þá byggt á áætlunum frá s. l. hausti. Raunveruleg útkoma ríkisfjármálanna 1977 var hins vegar óhagstæðari en gert var ráð fyrir við fjárlagaafgreiðsluna. Endurmat á fjárlagatölum 1978 vegna þessara breytinga á grunni þeirra bendir til 2.1 milljarðs króna lakari stöðu en í fjárlögum. Gjöld yrðu því um 1 milljarði króna umfram tekjur að óbreyttu. Hér er einkum um að ræða meiri vaxtagreiðslur og útgjöld til almannatrygginga en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Áhrif kauplagnes- og verðlagnesbreytinga af völdum ráðstafana þessara, svo og áhrif gengisbreytingarinnar á fjárhag ríkissjóðs eru samtals taldar fela

í sér 3.3 milljarða króna bata í stöðu ríkissjóðs á árinu og hefur þá verið reiknað með hækkun rekstrarútgjalda vegna gengisbreytingarinnar og reyndar nokkrum niðurskurði einnig eins og fram kemur á fylgiskjali með frv. Með þessu einu væri stefnt í 1.2 milljarða króna bættu stöðu hjá ríkissjóði. Ráðstafanir þær sem gert er ráð fyrir til að milda áhrifin af breytingum verðbótareglna eru álitnar kosta ríkissjóð 1.1 milljarð króna í útgjaldaauka og tekjutapi. Þessari fjárhæð er skv. frv. þessu, að hluta mætt með aukningu ráðstöfunarfjár ríkissjóðs með álagningu skyldusparnaðar á félög til samræmis við skyldusparnað einstaklinga. Jafnframt gerir frv. ráð fyrir heimild til lækkunar framkvæmdaframlaga og rekstrargjalda á A-hluta fjárlaga um 1.0 milljarð króna. Eftir þessar aðgerðir væri um smávægilegan tekjuafgang að ræða hjá ríkissjóði á árinu, allt að 0,6 milljarða króna, ef heimild til útgjalda-lækkunar yrði að fullu notuð, en það er ótraustari staða ríkissjóðs en varlegt getur talist. Hér verður að hafa í huga þá óvissu, sem jafnan ríkir um framvindu efnahagsmála og áhrif þeirra á ríkisfjármálin. Auk þess telur ríkisstjórnin nú afar brýnt, að ríkisfjármálin verði ekki þensluvaldur í því árferði, sem nú ríkir, heldur sé þeim beitt til að draga úr þunga innlendrar eftirspurnar. Því er í frv. þessu gert ráð fyrir nokkrum breytingum á lántökuáformum ríkissjóðs í þessu skyni. Gert er ráð fyrir, að framboð spariskirteina verði aukið um 1.5 milljarða króna frá fyrri áformum eingöngu til að styrkja greiðslustöðu ríkissjóðs og draga fé úr umferð, en ekki til að fjármagna útgjöld. Með þessum hætti er því stefnt að 2.1 milljarðs króna greiðsluafgangi á þessu ári en það felur í sér nokkru traustari afkomu en reiknað er með á fjárlögum, enda nauðsynlegt til að hamla gegn verðpenslu. Auk þess verður unnið að því á næstunni að leita leiða til að fresta framkvæmdum sem fjármagnaðar eru með erlendum lántökum um a. m. k. 1 000 mkr.

Með gengisbreytingunni hinn 8. þ. m. og þeim ráðstöfunum, sem þetta frumvarp felur í sér, er eins og fyrr segir að því stefnt að tryggja öruggan rekstur undirstöðuatvinnuveganna og þar með fulla atvinnu, jafnframt því sem hamlað sé gegn verðbólgu á árinu og grunnur lagður að sókn gegn verðbólgunni á næsta ári. Jafnhliða er með þessum ráðstöfunum stefnt að bættum viðskiptajöfnuði og bættri stöðu landsins út á við. Til þess að ná þessum árangri þarf nokkra kaupmáttarforð, sem þó gæti verið meiri í sýnd en reynd.

Að óbreyttu blasti við hallarekstur og rekstrarstöðvun í fiskiðnaðinum og útflutningsiðnaði. Ráðstafanirnar tryggja viðunandi rekstrargrundvöll allra helstu atvinnuvega.

Að óbreyttu hefði verðbólguhraðinn á árinu orðið meiri en 40% að meðaltali en 36% frá upphafi árs til loka þess. Ráðstafanir þessar þoka þessari tölu niður í 36—37% að því er ársmeðaltalið varðar en niður undir 30% frá upphafi til ársloka.

Að óbreyttu hefði stefnt í a. m. k. um 4—5 milljarða króna viðskiptaballa á árinu. Ráðstafanir þessar bæta viðskiptajöfnuð um 6—7 milljarða á þessu ári og snúa halla í afgang.

Þessi árangur og hallalaus ríkibúskapur, sem aðgerðirnar tryggja, er mikilvægur og þeim mun meira er um vert, að með þeim er á raunhæfan hátt leitast við að tryggja þann kaupmátt, sem náðist á árinu 1977, og leggja þannig traustan grundvöll að kjarabótum síðar og jafnframt varanlega breytingu á vísitölubindingu launa þannig, að frá upphafi næsta árs hafi óbeinir skattar ekki áhrif á verðbóta-vísitölu.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar.*

Um I. Kafla.

Um 1. gr.

Í því skyni að draga úr vixlhækkunum verðlags og kauplags kveður svo á um í 1. gr. að frá 1. mars, 1. júní, 1. sept. og 1. des. 1978 skuli verðbætur á laun hverju sinni hækka sem svarar helmingi þeirrar hækkunar verðbótavísitölu og verðbót-auka, sem Kauplagsnefnd reiknar samkvæmt ákvæðum kjarasamninga, að hafi átt

sér stað frá næstliðnu þriggja mánaða greiðslutímabili. Um útreikning verðbóta-  
vísitölu og verðbótaauka fer samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Bætur skv. 1.  
gr. koma í stað hækkana verðbóta samkvæmt kjarasamningum umfram gildandi  
verðbótavísitölu 114.02 stig.

#### Um 2. gr.

Með lágmarksverðbótaákvæði í 2. gr. er svo komið í veg fyrir að skerðing verð-  
bóta skv. 1. gr. komi fram af fullum þunga gagnvart hinum tekjulægri í hópi laun-  
þega, sem aðallega hafa tekjur af dagvinnu einni saman. Þannig verður hækkun  
lægstu kauptaxta 1. mars, ef eingöngu er unnin dagvinna, rúmlega 8% miðað við  
að verðbótavísitalan hækki um 10%, og hækkun meðaldagvinnukaup-taxta verka-  
fólks verður um 7½%. Hækkun allra annarra launa verður á bilinu 5—7½% 1.  
mars. Framkvæmd ákvæða 2. greinar verður ýmsum erfiðleikum háð þar sem lág-  
marksverðbætur tengjast ekki ákveðnum kaupþóxtum heldur ráðast einnig af yfir-  
vinnu- og álagsgreiðslum. Um framkvæmd þessa ákvæðis þarf að setja reglugerð.  
Bætur samkvæmt 2. gr. koma í stað hækkana verðbóta samkvæmt kjarasamningum  
umfram gildandi verðbótavísitölu 114.02 stig.

#### Um 3. gr.

Í þriðju grein er gert ráð fyrir að Kauplagnesnefnd meti hvaða skattar skuli  
teljast óbeinir. Hér er einkum um eftirfarandi skatta að ræða í núverandi skatta-  
kerfi:

- Aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrárlögum.
- Bensingjald samkvæmt lögum nr. 79/1974 með síðari breytingum.
- Gjald á innfluttum bifreiðum samkvæmt reglugerðum settum með heimild í  
16. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál.
- Sérstakt tímabundið vörugjald á innfluttum vörum og innlendri framleiðslu  
samkvæmt lögum nr. 49/1977 með síðari breytingum.
- Vörugjald samkvæmt lögum nr. 97/1971 með síðari breytingum.
- Söluskattur og söluskattaúki samkvæmt lögum nr. 10/1960 með síðari breyt-  
ingum.

#### Um II. Kafla.

Sú hækkun almennra bóta, sem hér er gert ráð fyrir, er innan gildandi heim-  
ildar almannatryggingalaga, sem kveður á um hækkun innan sex mánaða frá hækkun  
launa. Á hinn bóginn er hér lagt til, að þessari heimild verði beitt þannig, að bætur  
hækki jafnskjótt og laun og um sama hlutfall og laun almennt þ. e. vegna grunn-  
kaupshækkana og verðbóta skv. 1. gr. frv. Fæðingarstyrkur er þó frátalinn, enda  
breytist hann með daggjöldum sjúkrahúsa. Hvað varðar tekjutryggingu og heim-  
ilisuppbót, sem ásamt elli- og örorkulífeyri mynda „lágmarkslaun“ þau er almanna-  
tryggingar veita, er gert ráð fyrir heldur meiri hækkun 1. mars 1978 en heimild  
laganna veitir. Þessi sérstaka hækkun er talin kosta um 80—100 m.kr. á ári.

#### Um III. Kafla.

Með þessari grein er lagt til að barnabætur verði hækkaðar um 5% frá því  
sem ella hefði orðið með gildandi skattvísitölu. Við þessa breytingu munu barna-  
bætur aukast um nærfellt 300 milljónir kr. og koma þær þeim sem hafa börn á  
framfæri sínu til hagsbóta í formi lækkaðra greiðslna opinberra gjalda eða aukinni  
útborgun barnabóta. Í lokamálslið greinarinnar er skotið inn ákvæði sem tekur af  
öll tvímæli um að barnabætur skuli greiddast til þeirra sem hafa börn hjá sér á  
framfæri sínu en ekki til aðila sem meðlagsskyldir eru með börnunum. Er þetta  
í samræmi við ríkjandi framkvæmd.

#### Um IV. Kafla.

Með lögum nr. 77/1977 var öllum mönnum sem tekjuskattskyldir eru hér á  
landi og höfðu tekjur umfram visst lágmark á skattárinu 1977 gert að leggja til



hliðar 10% skyldusparnað af þeim tekjum sem umfram það lágmark eru. Hér er lagt til að hliðstæð skylda verði lögð á lögaðila enda er eðlilegt að samsvarandi reglur gildi um þá að þessu leyti.

Má ætla að skyldusparnaður þessi auki ráðstöfunarfé ríkissjóðs á árinu 1978 um 800 milljónir króna. Er lagt til að skyldusparnaðurinn verði lagður á skattgjaldstekjur að viðbættum þeim fjárhæðum sem viðkomandi lögaðili hefur lagt í skattalegan varasjóð vegna skattársins 1977. Verður að telja að það falli vel að grundvallarhugsun þeirri, er liggur að baki varasjóðsmyndunar, að fé í varasjóði sé lagt til hliðar verðtryggt. Að öðru leyti eru ákvæði þessa kafla í samræmi við hliðstæð ákvæði laga nr. 77/1977 um skyldusparnað manna og þarfnast ekki frekari skýringa. Rétt er þó að vekja athygli á lokamálslið 6. gr. en með honum er ráðherra heimilað að veita með reglugerð undanþágur frá banni við framsali á skyldusparnaðarinnistæðum, m. a. við félagsslit.

#### Um V. Kafla.

##### Um 10. gr.

Hér er lagt til, að sérstakt tímabundið vörugjald verði lækkað úr 18% í 16%. Er þetta fyrsta skrefið í þá átt að afnema gjald þetta en það var fyrst lagt á í júlí 1975. Lækkun gjaldsins, sem hér er gert ráð fyrir, er álitin kosta ríkissjóð um 720 m.kr. í tekjumissi á ári og mun draga úr verðhækkun um tæplega 0.3%.

##### Um 11. gr.

Ákvæði þetta er hliðstætt þeim ákvæðum, sem hafa verið við fyrri breytingar á vörugjaldinu og þarfnast ekki skýringa.

#### Um VI. Kafla.

##### Um 12. og 13. gr.

Hér er lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að lækka fjárveitingar um 1 000 m.kr. frá tillögum fjárlaga, hvort sem er framkvæmda eða rekstrarliði, ef þurfa þætti til að tryggja fjárhag ríkissjóðs. Þá er heimild til útgáfu spariskirteina innanlands rýmkuð um 1 500 m.kr., sem beita ætti til þess að styrkja fjárhagsstöðu ríkissjóðs, en ekki til að fjármagna ákveðin útgjöld.

#### Um VII. Kafla.

##### Um 14. gr.

Þarfnast ekki sérstakra skýringa.